

21. maí 2019

Isavia ohf.
Reykjavíkflugvelli
101 Reykjavík

Greinargerð um útgáfu skilyrts starfsleyfis fyrir Hornafjarðarflugvöll

Umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur Hornafjarðarflugvallar barst HAUST 30. janúar 2019. Umsækjandi er Isavia ohf., kt. 550210-0370.

Fylgigögn með starfsleyfisumsókn bárust seinna og nokkrum sinnum var fundað með fulltrúum fyrirtækisins um málefni flugvallarins og vegna starfsleyfisvinnslunnar. Af hálfu fyrirtækisins voru m.a. kynntar breytingar á búnaði við flugvöllinn sem er áformað að ljúka á næstu vikum eða mánuðum. Vegna breytinganna var ákveðið að auglýsa drög að skilyrtu starfsleyfi til þriggja mánaða.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Drög að skilyrtu starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 9. apríl sl. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 10. maí 2019.

Í kjölfar auglýsingarinnar barst bréf dags. 30. apríl 2019 þar sem ISAVIA ohf. andmælir túlkun HAUST á ákvæðum reglugerðar 884/2017 hvað varðar mengunarvarnir við stóra olúgeyma. Engar aðrar athugasemdir bárust HAUST á auglýsingatímanum.

2. maí sl. óskaði umsækjandi eftir fundi með HAUST. Þar voru lögð fram gögn um fyrirhugaðar breytingar á geymslu flugvélaeldsneytis, þ.e. áform um að afleggja 30 þús. lítra geymi í jarðvegsþró og setja í hans stað 10 þús. lítra geymi með tvöföldu byrði. Þar með falla sjálfkrafa niður kröfur HAUST um bættar mengunarvarnir fyrir 30.þús. lítra geyminn.

Eftirfarandi kemur fram á minnisblaði í kjölfar fundarins sem hefur verið kynnt fundarmönnum:

Til að fyrirbyggja allan misskilning þá eru birgðageymar á lóð flugvallarins ekki flokkaðir sem olíubirgðastöð (og þá starfsleyfisskyldir sem slíkir hjá Umhverfisstofnun) heldur er það skilningur HAUST að heimilt er að vísa í ákvæði reglugerðarinnar um olíubirgðastöðvar þegar um mjög stóra olúgeyma er að ræða.

Með ofangreindum breytingum á geymslu eldsneytis á flugvöllinum og niðurstöðu á fyrrgreindum fundi telur HAUST að andmælum fyrirtækisins hafi verið svarað á fullnægjandi hátt.

Meðfylgjandi skilyrt starfsleyfi er gefið út með lítilsháttar breytingum frá því sem kynnt var í auglýsingunni, þ.e. með breytingum í samræmi við áform um öruggari geymslu eldsneytis og bættar mengunarvarnir frá því sem nú er. Því er ekki þörf á að auglýsa starfsleyfisdrög á ný.

Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr.

130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sb. 5.gr. ofangreindra laga.

Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kærenda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Helga Hreinsdóttir
heilbrigðisfulltrúi